

## Samráðsgátt stjórnvalda

Matvælaráðuneytið

*Umsögn frá LS við drög að frumvarpi til laga um  
veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og beytingar  
á lögum um stjórn fiskveiða (aflvísí og orkuskipti)*

31. ágúst 2022

### Orkuskipti við veiðar þar sem aflvísir er hamlandi þáttur

Landssamband smábátæigenda (LS) mótmælir harðlega öllum hugmyndum um aukna sókn togskipa innan 12 sjómílna fiskveiðilandhelginnar. Telji Hafrannsóknastofnun að auka þurfi veiðar á grunnslóð er það tillaga LS að það verði gert með veiðum dagróðrabáta sem nota umhverfisvæn veiðarfæri.

LS bendir á að næg sóknargeta er fyrir hendi hjá bátum sem nota kyrrstæð veiðarfæri. Notkun trolls og dragnótar við veiðar nálægt landi skilur eftir sig eyðimörk og fiskleysi á miðum smábáta sem ekki hafa stærðar sinnar vegna möguleika á að sækja á aðrar veiðislóðir.

### Stærðarmörk krókaafلامarksbáta

Stækkun krókaafلامarksbáta árið 2013 úr 15 brt í 30 brt leiddi til stórfelldrar fækkunar smábáta með aflahlutdeild og þar með minnkandi vægi einyrkja í útgerð. SR lýsir áhyggjum sínum að með heimild til enn frekari stækkunar eins og lagt er til verði áfram róið í sömu átt. Það er því óhjákvæmilegt að inn í frumvarpið verði sett ákvæði sem efli línuívilnun, komið verði á ívilnun við handfæraveiðar og útgerð strandveiðibáta tryggð með 48 veiðidögum. Með slíku ákvæði yrði betur tryggð nýliðun í útgerð og spornað við samþjöppun.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri